

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

VINNUHÓPUR ÍSÍ UM TILLÖGUR AÐ SKIPTINGU FJÁR TIL ÍÞRÓTTAHEFYFINGARINNAR VEGNA COVID-19.

ÚTHLUTUNARREGLUR VEGNA SÉRTÆKRA AÐGERÐA

Vinnuhópurinn setti sér neðangreindar úthlutunarreglur eins og áður hafði verið kynnt að gert yrði.

1. Umsókn er gild ef:

- a) Umsækjandi uppfyllir þau skilyrði sem sett voru fram í auglýsingu vegna umsókna „*Þeir aðilar sem geta sótt um í sértækar aðgerðir eru sérsambönd, héraðs- og íþróttabandalög, íþróttafélög með aðild að ÍSÍ og UMFÍ og deildir innan íþróttafélaga. Umsækjendur eru þeir sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna viðburða eða móta sem ákveðið hefur verið að fella niður eða breyta verulega vegna samkomubanns af völdum COVID-19 og hægt er að sýna fram á að hafi veruleg áhrif á rekstur og starf viðkomandi íþróttaeiningar.*“
- b) Þeim gögnum sem kallað var eftir í auglýsingu vegna umsókna er skilað fyrir 19. júní 2020. Vinnuhópurinn áskilur sér rétt til að kalla eftir nánari gögnum eða útskýringum eftir þann tíma og gefa viðkomandi aðilum nokkra daga til að bregðast við.
 - a. *Umsókn skal vera staðfest af meirihluta stjórnar viðkomandi einingar, þó aldrei færri en 2 aðilar. Þá þarf umsókn frá deild íþróttafélags að vera með samþykki aðalstjórnar félagsins.*
 - b. *Umsókn skal fylgja stutt greinargerð þar sem gerð er grein fyrir nettó tekjutapi vegna viðburðar. Nettó tekjutap þýðir að einnig þarf að gera grein fyrir áætluðum kostnaði vegna viðburðar sem ekki kemur til greiðslu, þ.e.a.s. fellur niður.*
 - c. *Leggja skal fram samþykktá fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 þar sem gerð er grein fyrir áætluðum hagnaði af viðburði.*
 - d. *Leggja skal fram endurskoðaða ársreikninga og uppgjör viðburðar síðustu tveggja ára, sem sýna tekjur af sambærilegum eða samskonar viðburði og sótt er um stuðning vegna tekjutaps.*
 - e. *Þá þarf að fylgja með umsókn staðfesting endurskoðanda/skoðunarmanni reikninga að upplýsingar umsóknar séu í samræmi við ársreikninga.*
 - f. *Gera þarf grein fyrir í umsókn hvaða áhrif tekjutap viðburðar hefur haft á umsækjanda og hvernig brugðist hefur verið við til að lágmarka tjón.*
 - g. *Gera þarf grein fyrir öðrum stuðningi sem sótt er um vegna stöðunnar s.s. frá aðalstjórn félags, sérsambandi, sveitarfélagi og ríkisvaldi.*
- c) Tímabil viðburða sem styrkhæfir eru í þessari sértæku úthlutun er frá 1. mars til 1. júní 2020. Þeir viðburðir sem ákveðið var innan þessa tímabils að fella niður eða breyta verulega umfangi þeirra, en áttu að fara fram utan tímabilsins, falla undir þessa úthlutun.

2. Umsóknir eru flokkaðar eftir eðli þeirra viðburða sem sótt er um:

- **Flokkur A** - Tekjutap vegna íþróttaviðburða sem skipulagðir eru af alþjóðasamböndum og/eða sérsamböndum (Íslandsmót) sem fóru ekki fram eða tóku verulegum breytingum.
- **Flokkur B** - Tekjutap vegna íþróttaviðburða sem skipulagðir eru fyrir yngri iðkendur eða almenning sem fóru ekki fram eða tóku verulegum breytingum.
- **Flokkur C** - Tekjutap vegna annarra þátta í tekjuöflun viðkomandi umsækjanda.

Þær umsóknir sem flokkast í sama flokk fá styrk í sama hlutfalli af gildri upphæð umsóknar. Í þeim tilvikum, þar sem sótt er um vegna fleiri en eins viðburðar hjá sama umsækjenda, er umsókninni skipt upp á milli flokka.

Vinnuhópurinn lagði til að styrkveitingar í hverjum flokki fyrir sig væru eftirfarandi.

- **Flokkur A 45%**
- **Flokkur B 30%**
- **Flokkur C 15%.**